

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/993**2019/EES/86/06****frá 11. júlí 2018****um breytingu á ákvörðunum (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1218 og (ESB) 2017/1219 að því er varðar lengd umbreytingartímabils***(tilkynnt með númeri C(2018) 4312) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB ⁽²⁾ kom ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1214 ⁽³⁾ þar sem settar voru endurskoðaðar viðmiðanir og kröfur fyrir handuppþvottaefni. Til að gefa framleiðendum vara, sem veitt hefur verið umhverfismerki ESB fyrir handuppþvottaefni á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðun 2011/382/ESB, nægan tíma til að laga vörur sínar að ákvæðum ákvörðunar (ESB) 2017/1214 er í þeirri ákvörðun mælt fyrir um umbreytingartímabil. Því 12 mánaða umbreytingartímabili lýkur 22. júní 2018.
- 2) Í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB ⁽⁴⁾ kom ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1215 ⁽⁵⁾ þar sem settar voru endurskoðaðar viðmiðanir og kröfur fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum. Til að gefa framleiðendum vara, sem veitt hefur verið umhverfismerki ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðun 2012/720/ESB, nægan tíma til að laga vörur sínar að ákvæðum ákvörðunar (ESB) 2017/1215 er í þeirri ákvörðun mælt fyrir um umbreytingartímabil. Því 12 mánaða umbreytingartímabili lýkur 22. júní 2018.
- 3) Í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB ⁽⁶⁾ kom ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1216 ⁽⁷⁾ þar sem settar voru endurskoðaðar viðmiðanir og kröfur fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar. Til að gefa framleiðendum vara, sem veitt hefur verið umhverfismerki ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðun 2011/263/ESB, nægan tíma til að laga vörur sínar að ákvæðum ákvörðunar (ESB) 2017/1216 er í þeirri ákvörðun mælt fyrir um umbreytingartímabil. Því 12 mánaða umbreytingartímabili lýkur 22. júní 2018.
- 4) Í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB ⁽⁸⁾ kom ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1218 ⁽⁹⁾ þar sem settar voru endurskoðaðar viðmiðanir og kröfur fyrir þvottaefni. Til að gefa framleiðendum vara, sem veitt hefur verið umhverfismerki ESB fyrir þvottaefni á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðun 2011/264/ESB, nægan tíma til að laga vörur sínar að ákvæðum ákvörðunar (ESB) 2017/1218 er í þeirri ákvörðun mælt fyrir um umbreytingartímabil. Því 12 mánaða umbreytingartímabili lýkur 22. júní 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 13.7.2018, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1214 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna handuppþvottaefna (Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 1).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtíð. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 25).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1215 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 16).

(6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).

(7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1216 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar (Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 31).

(8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

(9) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1218 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna (Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 63).

- 5) Í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB ⁽¹⁾ kom ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1219 ⁽²⁾ þar sem settar voru endurskoðaðar viðmiðanir og kröfur fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum. Til að gefa framleiðendum vara, sem veitt hefur verið umhverfismerki ESB fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðun 2012/721/ESB, nægan tíma til að laga vörur sínar að ákvæðum ákvörðunar (ESB) 2017/1219 er í þeirri ákvörðun mælt fyrir um umbreytingartímabil. Því 12 mánaða umbreytingartímabili lýkur 22. júní 2018.
- 6) Fjöldi landsbundinna stofnana sem veita umhverfismerki ESB hafa upplýst framkvæmdastjórnina um nauðsyn þess að lengja þessi umbreytingartímabil um 6 mánuði vegna fjölda umsókna um endurnýjun samninga um veitingu umhverfismerkis ESB. Framkvæmdastjórnin hefur framkvæmt mat sem staðfestir nauðsyn þess að framlengja umbreytingartímabilið um 6 mánuði.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðunum (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1218 og (ESB) 2017/1219 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1214 kemur eftirfarandi:

„3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2011/382/ESB má nota til 22. desember 2018.“

2. gr.

Í stað 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1215 kemur eftirfarandi:

„3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2012/720/ESB má nota til 26. desember 2018.“

3. gr.

Í stað 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1216 kemur eftirfarandi:

„3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2011/263/ESB má nota til 26. desember 2018.“

4. gr.

Í stað 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1218 kemur eftirfarandi:

„3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2011/264/ESB má nota til 26. desember 2018.“

5. gr.

Í stað 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1219 kemur eftirfarandi:

„3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2012/721/ESB má nota til 26. desember 2018.“

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 38).

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1219 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 79).

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.
